



Tækniupplýsingar

ALLBÄCK LÍNOLÍUKÍTTI

ÚTI- OG INNIKÍTTI

VÖRULÝSING

Allbäck línolíukítti er viðgerðar- og þéttingarefni sem byggir á gamalli hefð. Það er helst notað í viðhaldi gamalla glugga sem iðulega eru undir friðunarflokki. Auk þessa hlutverks, hentar það afar vel til fyllingar á holum og sprungum, bæði utan- og innanhúss. Tímabært er að hefja viðhaldsvinnu þegar málning byrjar að flagna eða sprungur myndast í kíttið. Allbäck línolíukíttið er framleitt úr hrárrí línolíu (Allbäck Rå Linolja) og ýmsum kríartegundum.

VINNULAG

1. Tæmið allt kíttið úr dósinni og hnoðið þar til það hefur mýkst. Sé það mjög hart má hita það varlega í umbúðunum í heitu vatnsbaði eða á ofni.
2. Auðveldast er að kitta við herbergishita. Sé kíttið of límkennt má hnoða áfram á pappaspjaldi eða bæta í það smávegis af krít. Sé það of hart má hita það eða bæta í það hrárrí línolíu.
3. Gangið úr skugga um að brúnir glers séu hreinar af málningu, óhreinindum eða eldra kítti.
4. Penslið flögulakkslausn (Allbäck Shellac) í gluggafals áður en gleri er komið fyrir. Þetta lengir notkunartíma kítisins með því að koma í veg fyrir að olían ísogist í viðinn. Leggið kíttið í falsinn.
5. Rúðan lögð í blautt kíttið, hún stillt af og henni þrýst niður. Stífið af, t.d. með koparvír. Skerið kíttið með stálspaða eða glersköfu um 2 mm inn á glerið.
6. Hreinsið allar olíuleifar af gleri. Nota má hreinan pensil og t.d. Allbäck vikurduft (Allbäck Pimpstensmjöl).
7. Við málun skal ætíð mála viðinn, yfir kíttið og út á rúður. Mála má kíttið strax eða síðar.
8. Þegar málning hefur þornað eru rúður vættar með veikri sápulausn til hreinsunar.
9. Nota má kíttið sem fylliefni í holur og sprungur. Allar ójöfnur eru fylltar kítinu og málað strax yfir.
10. Kítti, blandað smávegis línolíu, myndar seigfljótandi massa sem nota má sem bráðabirgðafyllingu í sprungur, t.d. í eldra kítti og í lekar kverkar. Berið kíttið á með pensli og þurrkið umframagn af. Málið strax yfir. Þetta er einföld lausn til að seinka viðhaldi.
11. Kíttið þolir geymslu dögum saman við herbergishita en afganga má geyma í frysti.

Þær upplýsingar sem gefnar eru hér að ofan eru réttar samkvæmt okkar bestu vitneskju. Þar sem við getum ekki haft stjórn á aðstæðum og vinnulagi á hverjum stað, getum við ekki ábyrgst árangur. Notendum er ráðlagt að kanna með prófunum fyrir notkun hvort varan hentar þeirra þörfum.



SÉREFNI

Síðumúla 22, 108 Reykjavík og Dalvegi 32b, 201 Kópavogi | Sími 5170404 | www.serefni.is